



**UNGMENNASAMBAND DALAMANNA
OG NORÐUR-BREIÐFIRÐINGA**

STOFNAÐ 1918

þinggerð sambandsþings
9. apríl 2026

105. ársþing Ungmennasambands Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga

9. apríl 2026

Dalabúð kl:17:00

Haldið í boði íþróttafélagsins Undra

1. Þingsetning

Formaður Undra setur þing og býður þingfulltrúa og gesti þingsins velkomna.

2. Kosning þingforseta

Tillaga um Guðlaugu Kristinsdóttur. Samþykkt samhljóða.

Guðlaug tekur við stjórn þingsins. Hún kemur með dagskrárbreytingu, þ.e.

-að samskiptaráðgjafi komi með rafrænt erindi eftir kosningu á starfsmönnum þingsins.

-að ekki verði hlé, heldur smá kaffi rölt meðan kjörbréfanefnd er að störfum.

-ekki verði skipað í nefndir, heldur afgreitt með hópnum í heild sinni.

3. Kosning annarra starfsmanna þingsins

Fundarritarar: Tillaga: Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir og Jóhanna Sigrún Árnadóttir – samþykkt samhljóða.

Kjörbréfanefnd: Tillaga: Formaður Heiðrún Sandra Grettisdóttir, Svanhvít Lilja Viðarsdóttir og Bergþóra Hólm Jóhannsdóttir Kjörbréfanefnd tekur til starfa. Samþykkt samhljóða.

4. Samskiptaráðgjafi ÍSÍ og UMFÍ, Eygló Ósk Gústafsdóttir, kynnir með rafrænum hætti, viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs við ofbeldi, einelti, slysum og öðru sem gæti komið upp á. Hvetur fólk að hafa samband ef einhverjar spurningar eru. Lesa má nánar um þetta inná samskiptaradgjafi.is

5. Skýrsla stjórnar og reikningar

- Jóhanna Sigrún formaður flytur skýrslu stjórnar um starfsemi UDN á árinu 2025
- Sindri Geir gjaldkeri UDN fór yfir reikninga ársins 2025 og skýringar tengdar þeim.

6. Álit kjörbréfanefndar

Heiðrún Sandra les upp nöfn þingfulltrúa. Mæting frá aðildarfélögum var eftirfarandi:

Afturelding á rétt á 3 fulltrúum - mættvoru: Kristófer Hans Abbey, Bergþór Oliver Thorstensen, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir.

Æskan á rétt á 5 fulltrúum – mætt voru: Enginn

Ólafur Pá á rétt á 4 fulltrúum – mætt voru: Ingibjörg Jóhannsdóttir, Bergþóra Hólm Jóhannsdóttir, Anna Sigríður Grétarsdóttir, Stefanía Anna Vilhjálmsdóttir.

Glímufélag Dalamanna á rétt á 3 fulltrúum – mætt voru: Jóhann Pálmason, Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir.

Hestamannafélagið Glaður á rétt á 4 fulltrúum – mætt voru: Laufey Fríða Þórarinsdóttir, Alexander Örn Skjaldarson, Daníel Freyr Skjaldarson og Heiðrún Sandra Grettisdóttir

Íþróttafélagið Undri á rétt á 3 fulltrúum - mætt voru - Guðrún Blöndal, Svanhvít Lilja Viðarsdóttir.

7. Kosning starfsnefnda

Nefndirnar eru tvær, Laganefnd og Allsherjar- og Fjárhagsnefnd
Guðlaug stingur upp á að allir séu í Allsherjar – og fjárhagsnefnd þar sem ekkert fellur undir laganefnd. **Samþykkt samhljóða.**

8. Inntaka nýrra aðildarféлага

Engin félög hafa sótt um aðild.

9. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

Enginn kveður sér hljóðs -

10. Reikningar bornir upp til atkvæða - Samþykktir samhljóða.

11. Íþróttamanneskja ársins og aðrar viðurkenningar

Guðbjört Lóa veitir viðurkenningar UDN

Íþróttamanneskja ársins

Naumt á munum, fjórir tilnefndir. Ásborg Styrmisdóttir hestaíþróttir, Benóní Meldal glíma, Jóhanna Vigdís Pálmadóttir glíma, Laufey Fríða Þórarinsdóttir hestaíþróttir.

Laufey Fríða Þórarinsdóttir er Íþróttamanneskja UDN 2025

Drifskafið

Guðbjört Lóa fer yfir tilnefningar og veitir viðurkenningar til Laugu Bjargar Eggertsdóttur og Aðalheiðar Rósar Unnsteinsdóttur.

Hvatningarverðlaun UDN

Átta tilnefningar bárust. Þrjú hlutu viðurkenningu

Ingibjörg Jóhannsdóttir fyrir störf sín í gengum árin hjá Óla Pá, umsjón Pósthlaupsins og líkamsræktarstöðvarinnar,

Guðmundur Kári Þorgrímsson - sem fimleikabjálfa þar sem hann er m.a . flinkur að ná til iðkenda og hefur víðtæk áhrif á heilsu og hreyfingu fólks í Dalabyggð t.d. með hlaupanámskeiði.

Fræðslunefnd Glaðs fyrir mikið og öflugt starf sem hefur haft mikil áhrif á áhuga og virkni barna í hestamennsku.

12. Ávörp gesta

ÍSÍ Hafsteinn Pálsson - flytur þakkir og kveðjur frá forseta og starfsfólki ÍSÍ - Þakkir fyrir starfið og þá lýðheilsuhugsjón sem er í héraðinu.

Unnið er nú að stefnumótun sameiginlegri hjá ÍSÍ og UMFÍ og starfsfólk íþróttahreyfingarinnar er á ferð um landið.

Minnir á að nota getraunanúmer íþróttafélaganna og héraðanna, þannig megi ná einhverjum aur í hérað.

Skiptir máli að halda vel utan um félagatal og iðkendatal í skráningarkerfinu m.a. til að sýna fram á hver breiddin er og stærðin hjá sambandinu/félögunum. Félagatal og iðkendatal er ekki sama talan - það er ekki þannig nema í algjörum undantekningar tilfellum.

Almannaheillaskrá - hefur það verið skoðað hjá félögunum/héraðinu.

Bendir á að breyta í lögum UDN um dagskrá að samþykkja kjörbréfaálit.

Veitir tvö Silfurmerki

Erna Hjaltadóttir veitti Silfurmerkinu móttöku

Gunnlaug Arngrímsdóttir - var ekki á staðnum og veitti Guðbjört Lóa viðurkenningunni viðtöku.

UMFÍ Álfheiður Sverrisdóttir svæðisfulltrúi er staðgengill fulltrúa UMFÍ sem forfallaðist á síðustu stundu. Álfheiður flutti kveðjur UMFÍ, nefnir stefnumótun ÍSÍ og UMFÍ. Segir frá björgunarpakka, minnir á Almannaheillaskrá og sjóði sambandsins. Minnir á að afla sakavottorðs hjá þeim sem vinna með börnum og ungmennum. Starfsskýrsluskil framundan í Abler.

Sem svæðisfulltrúi nefnir Álfheiður að unnið sé í að koma á koppinn aukinni rafrænni fræðslu til iðkenda og foreldra.

Þakkaði aðildarfélögunum fyrir starfið og samstarfið um Stjörnuleikana sem fóru vel fram.

Veitti tvö starfsmerki - (sem urðu því miður eftir í bænum, þeim verður komið til þeirra síðar).

Halldór Þórðarson veitti merkinu viðtöku.

Pálmi Jóhannsson veitti merkinu viðtöku.

13. Tillögur lagðar fram og voru ræddar og afgreiddar jafnóðum í allsherjar og fjárlaganefnd.

Þingskjal 1

Þakkartillögur

Tillaga frá stjórn UDN

105. sambandsþing UDN í Dalabúð, 9. apríl 2026 samþykkir að fela stjórn UDN að senda eftirfarandi aðilum þakkir:

- Sveitarstjórn og starfsfólki Dalabyggðar, þakkir fyrir samstarfið og stuðninginn á liðnu ári.
- Sveitarstjórn og starfsfólki Reykhólahrepps, þakkir fyrir samstarfið og stuðninginn á liðnu ári.
- Stjórn og starfsfólki Ungmennafélagi Íslands, þakkir fyrir gott samstarf á árinu .
- Stjórn og starfsfólki Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, þakkir fyrir gott samstarf á árinu.
- Svæðisfulltrúar UMFÍ og ÍSÍ á Vesturlandi, þakkir fyrir gott samstarf og aðstoð á árinu.

Vísað til: Laganefndar - Allsherjar- og fjárhagsnefndar -

Nefnd leggur til að tillaga sé: Samþykkt - Felld

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 2

Hvatningartillögur

Tillaga frá stjórn UDN

105. sambandsþing UDN í Dalabúð, 9. apríl 2026 hvetur sambandsaðila til að

- taka þátt í lýðheilsuverkefnum ÍSÍ og UMFÍ á borð við
 - Göngum í skólann
 - Hjólað í vinnuna
 - Lífshlaupið
 - Íþróttaviku Evrópu
 - O.fl.
- Mæta á Unglingalandsmót UMFÍ 2026 á Sauðárkróki og hvetja fólk innan sinna raða til þátttöku, bæði sem keppendur og sjálfboðaliða.
- Mæta á 14. Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið verður í Hrafnagilshverfi Eyjarfjarðarsveit 26. - 28. júní 2026.

Vísað til: Laganefndar - Allsherjar- og fjárhagsnefndar –

Nefnd leggur til að tillaga sé: Samþykkt - Felld

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 3

Félagaskattur

Tillaga frá stjórn UDN

105. sambandsþing UDN í Dalabúð, 9. apríl 2026 samþykkir að félagaskattur sé innifalinn í þeirri prósentu sem UDN fær af lottótekjum ársins 2025.

Greinargerð:

6. grein laga UDN hljóðar svo:

6. grein

Hvert félag innan sambandsins greiðir í sambandssjóð ár hvert fyrir hvern féлага 18 ára og eldri. Sambandsþing ákveður upphæð gjaldsins ár hvert. Gjald dagi er 1. júní og skal miða við félagatal skv. starfsskýrslum til ÍSÍ sama ár.

Stjórn leggur til að árið 2026 verði þetta gjald innifalið í þeirri upphæð sem UDN fær í lottógreiðslur.

Ef gjaldið væri 200 kr þá er þetta upphæð kringum 90.000 kr

Vísað til: [] Laganefndar - [] Allsherjar- og fjárhagsnefndar -

Nefnd leggur til að tillaga sé: [x] Samþykkt - [] Felld

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 4

Akstur vegna funda og þinga

Tillaga frá stjórn UDN

105. sambandsþing UDN í Dalabúð, 9. apríl 2026 samþykkir að greiða akstursgjald til stjórnarmeðlima UDN og verði miðað við akstursgjald ríkisstarfsmanna hverju sinni.

a) að greiðsla vegna aksturs stjórnarmeðlima UDN á stjórnarfundi verði 60% af ríkistaxta fyrir hvern fund. Verði það skráð á sérstakt eyðublað sem skilað er til gjaldkera sem greiðir á hálfis árs fresti.

b) að greiðsla fulltrúa UDN á þing, vofundi og samráðsfundi UMFÍ og Íþróttaping ÍSÍ verði samkvæmt fullum ríkistaxta.

Vísað til: [] Laganefndar - [] Allsherjar- og fjárhagsnefndar -

Nefnd leggur til að tillaga sé: [x] Samþykkt - [] Felld

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 5

Fulltrúar á þing UMFÍ og ÍSÍ

Tillaga frá stjórn UDN

105. sambandsþing UDN í Dalabúð, 9. apríl 2026 samþykkir að stjórn UDN tilnefni fulltrúa á þing og fundi ÍSÍ og UMFÍ.

Vísað til: [] Laganefndar - [] Allsherjar- og fjárhagsnefndar -

Nefnd leggur til að tillaga sé: [x] Samþykkt - [] Felld

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 6

Íþróttamanneskja UDN – reglugerð

Tillaga frá stjórn UDN

105. sambandsþing UDN í Dalabúð, 9. apríl 2026 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um íþróttamanneskju UDN.

1. gr.

Í janúar ár hvert skal kjósa þá íþróttamanneskju UDN **sem hefur náð árangri sem verðskuldar slíka viðurkenningu.** ~~sem bestan árangur hefur þótt sýna í íþróttum árið á undan.~~

Heimilt er að tilnefna hverja þá íþróttamanneskju sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

- a) Er félagi í einhverju aðildarfélagi UDN **og hafi verið löglegur keppandi aðildarfélags eða UDN þegar árangur náðist.**
- b) Hefur sýnt þróðmennsku og háttvísi á hvern hátt í íþrótt sinni.
- c) Hefur náð góðum árangri í íþrótt sinni á árinu.
- d) Hefur náð 16 ára aldri á árinu sem viðurkenning er veitt fyrir.

....

3. gr.

Atkvæðisrétt hafa stjórnarmenn UDN sem fara með eitt atkvæði hver og stjórn hvers aðildarfélags fer með eitt atkvæði. Varamenn taka sæti stjórnarmanna UDN í forföllum þeirra svo sem við önnur stjórnarstörf. Eins ef er t.d. um hagsmunaárekstra að ræða eða annað. Að auki hefur stjórn UDN heimild til að leita til allt að 10 aðila til að taka þátt í kosningunni sé talin þörf á því t.d. ef jafnt er í kosningu eða naumt á munum.

....

Vísað til: [] Laganefndar - [] Allsherjar- og fjárhagsnefndar -

Nefnd leggur til að tillaga sé: [x] Samþykkt - [] Felld

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 7

Skipting lottótekna

Tillaga frá stjórn UDN

105. sambandsþing UDN í Dalabúð, 9. apríl 2026 samþykkir reglugerð um skiptingu lottótekna UDN.

Reglugerð um skiptingu lottótekna UDN

1. Forsendur skiptingar milli félaga

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari þurfa aðildarfélög:

- að skila lögboðnum skýrslum í félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, innan tilskilins frests sem ákveðinn er af ÍSÍ og UMFÍ ár hvert.
- að hafa boðað löglega til aðalfundar á síðasta almanaksári og staðið skil á ársskýrslum/starfsskýrslum til UDN.
- að halda úti skipulögðu starfi fyrir börn og ungmenni og skili skýrslu til UDN með útlistun á starfinu.

2. skipting Lottótekna

- a) 70% til aðildarfélaga
- b) 30% til UDN

~~Forsendur til úthlutunar: að félag sé með skipulagt starf fyrir ungmenni og börn og skili inn skýrslu til UDN með útlistun á starfinu þ.e. ársskýrslu.~~

3. Skipting Lottótekna, skv. a -lið 2. greinar, milli aðildarfélaga:

- a) 20% jafnt samkvæmt sérstakri reglu (sjá grein 4) ~~á milli allra félaga með virka starfsemi fyrir börn og ungmenni~~
- b) 80 % eftir fjölda **iðkenda**¹ 18 ára og yngri samkvæmt sérstakri reglu (sjá grein 5).

¹Iðkandi er sá félagsmaður í íþrótt eða ungmennafélagi sem stundar eina eða fleiri íþróttagreinar á vegum félagsins. Iðkandi þarf að vera skráður í viðurkennt skráningarkerfi sem UDN notar í íþróttahreyfingunni.

4. Regla vegna jafnrar skiptingar milli aðildarfélaga

a) Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi aðildarfélags hafi mætt á síðastliðið sambandsþing og á formannafundi. Hluttur þeirra sem mæta ekki deilist á þau aðildarfélög sem mættu á síðastliðið sambandsþing.

b) félag þarf að halda úti virkri starfsemi fyrir börn og ungmenni og skili inn skýrslu til UDN með útlistun á starfinu þ.e. ársskýrslu.

5. Regla vegna iðkendafjölda

Félög og deildir skulu skrá iðkendur rafrænt í umsjónarkerfið Abler (Sportabler). Iðkendatölur skulu notaðar til að ákvarða skiptingu samkvæmt iðkendafjölda.

Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. iðkendatölu eins og hún er skráð fyrir undangengið ár í Abler.

Vísað til: [] Laganefndar - [] Allsherjar- og fjárhagsnefndar -

Nefnd leggur til að tillaga sé: [x] Samþykkt - [] Felld

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 8

Framkvæmdastjóri UDN

Tillaga frá stjórn UDN

105. sambandsþing UDN í Dalabúð, 9. apríl 2026 samþykkir að auglýst verði eftir framkvæmdastjóra í 20 – 25% starf til eins árs.

Helstu störf

- Samskipti við aðildarfélög og þá aðila sem UDN hefur tengsl við á einhvern hátt. S.s. tölvupóstur, fundir, sveitarfélög, UMFÍ, ÍSÍ o.fl. Unnið í samstarfi við formann og aðra stjórnarmeðlimi UDN.
- Umsjón með heimasíðu og samfélagsmiðlum.
- Vinna að því að finna leiðir til frekari fjármögnunar á starfi framkvæmdastjóra UDN með það fyrir augum að það verðir starf til framtíðar og jafnvel aukið starfshlutfall.

Greinargerð:

UDN hefur ekki verið með framkvæmdastjóra í þrjú ár. Á tímabilinu hefur stjórn UDN sinnt starfinu eftir bestu getu. Þessi tími hefur verið nýttur í að greina hvert sé starf UDN og hverju þurfi að sinna sem íþróttahérað. Telur stjórn UDN að nokkuð góð yfirsýn sé komin yfir það núna og hefur gert skipulag sem starfsmaður getur stuðst við.

Til lengdar ætti sjálfboðaliði ekki að sjá um starf framkvæmdastjóra að fullu.

Lottótekjur til UDN hafa skerst um rúmlega 70% frá því sem var og eru engan veginn stór upphæð sem félög og hérað fá inn í sitt starf núna.

Hluti af vinnu framkvæmdastjóra yrði að leita leiða til að fjármagna starfið en UDN leggur af stað með að setja pening í starfið til eins árs og það er miðað við að um 2.500.000 – 3.000.000 kr þurfi til þess. Náist ekki fjármögnun fyrir framhaldi eftir árs vinnu, lýkur starfi framkvæmdastjóra eða endurskoðað hvað þurfi til.

Vísad til: [] Laganefndar - [] Allsherjar- og fjárhagsnefndar -

Nefnd leggur til að tillaga sé: [x] Samþykkt - [] Felld

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 9

Fjárhagsáætlun 2026

Tillaga frá stjórn UDN

105. sambandsþing UDN í Dalabúð, 9. apríl 2026 samþykkir eftirfarandi reglugerð um fjárhagsáætlun.

	Áætlun 2026	Raun 2025	Áætlun 2025
Rekstrartekjur:			
Félagsgjöld	0	0	50,000
Framlög og styrkir (<i>Starfsstyrkir frá Dalabvggð o.fl.</i>)	3,200,000	4,410,573	1,200,000
Tekjur af Lottó	1,750,000	1,924,970	1,450,000
Rekstrartekjur alls	4,950,000	6,335,543	2,700,000
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	1,700,000	0	0
Mótakostnaður	150,000	53,800	150,000
Framlög og styrkir	3,915,000	5,573,271	2,215,000
Skrifstofukostnaður	200,000	190,824	450,000
Stjórnun og umsýsla	250,000	194,878	250,000
Áskriftir	450,000	459,511	0
Annar kostnaður	50,000	45,248	0
Rekstrargjöld alls	6,715,000	6,517,532	3,065,000
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	-1,765,000	-181,989	-365,000
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur og verðbætur	500,000	580,010	700,000
Vaxtagjöld og afskriftir	-150,000	-220,204	-200,000
Samtals	350,000	359,806	500,000
Tekjuafgangur (-tap) af reglulegri starfsemi	-1,415,000	177,817	135,000
Tekjuafgangur (-tap) ársins	-1,415,000	177,817	135,000

Greinargerð:

Í þessari fjárhagsáætlun er m.a. gert ráð fyrir að peningur fari í laun framkvæmdarstjóra (1.700.000 kr).

Í framlög og styrkir er m.a. gert ráð fyrir seinni úthlutun Björgunarpakkans, Dalabyggðarstyrk

-Breytingatillaga að hækka mótakostnað í 150.000 kr þá hækkar tapið sem nemur 100.000kr

Breytingatillaga samþykkt samhljóða

Vísað til: [] Laganefndar - [] Allsherjar- og fjárhagsnefndar -

Nefnd leggur til að tillaga sé: [] Samþykkt - [] Felld

14. Afgreiðsla tillagna

Þingskjal 1	<input checked="" type="checkbox"/> Samþykkt - <input type="checkbox"/> Felld
Þingskjal 2	<input type="checkbox"/> Samþykkt - <input type="checkbox"/> Felld
Þingskjal 3	<input type="checkbox"/> Samþykkt - <input type="checkbox"/> Felld
Þingskjal 4	<input checked="" type="checkbox"/> Samþykkt - <input type="checkbox"/> Felld
Þingskjal 5	<input checked="" type="checkbox"/> Samþykkt - <input type="checkbox"/> Felld
Þingskjal 6	<input checked="" type="checkbox"/> Samþykkt - <input type="checkbox"/> Felld
Þingskjal 7	<input checked="" type="checkbox"/> Samþykkt - <input type="checkbox"/> Felld
Þingskjal 8	<input checked="" type="checkbox"/> Samþykkt - <input type="checkbox"/> Felld
Þingskjal 9	<input type="checkbox"/> Samþykkt - <input type="checkbox"/> Felld samþykkt með breytingartillögu

15. Kosningar stjórnar og varastjórnar og skoðunarmenn reikninga

- Kjósa á tvo í stjórn – Tillaga um Ragnheiði Helgu Bæringsdóttur, tillaga um Alexander Örn Skjaldarson
 - Samþykkt samhljóða með lófaklappi.
- Tveir varamenn stjórnar eru kosnir árlega: Skjöldur Orri og Kolfinna Ýr gefa kost á sér áfram
 - Samþykkt samhljóða með lófaklappi

- Skoðunarmenn reikninga

Tillaga um áframhaldandi setu Sigrún Birna Halldórsdóttir

Þórarinn Birgir Þórarinsson

Til vara: Þuríður Jóney Sigurðardóttir

Finnbogi Harðarson

16. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ og Sambandsþing UMFÍ -

Það var gert í einni tillögu þingsins sem var samþykkt.

17. Starfsemi næsta árs (Ekki rætt sérstaklega að þessu sinni)**18. önnur mál**

Jóhanna Sigrún þakkar gestum fyrir komuna, Undra fyrir veitingar og utanumhaldið um þingið. Afturelding heldur næsta þing. Óskar þeim sem fengu viðurkenningar til hamingju. Þakkar Rúnu og Sindra kærlega fyrir samstarfið og tókum vel á móti Ragnheiði og Alexander í nýja stjórn næstu tvö árin. Óskar góðrar heimferðar

19. Þingslit.

Formaður Undra, Guðrún Blöndal slítur þingi.